

# Skýringar vegna álagningarseðils fasteignagjalda 2018.

Álagning fasteignagjalda fer skv.lög um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995 með síðari breytingum. Í II. kafla um fasteignaskatt, 3. gr. segir :

**Fasteignaskattur** er reiknaður af álagningarstofni og lóðarmati, 0,41 % fyrir íbúðarhúsnæði og hesthús í þéttbýli, 1,65 % fyrir atvinnuhúsnæði og 1,32% af opinberu húsnæði.

**Vatnsgjald** er reiknað af álagningarstofni og lóðarmati, 0,19 % fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.

**Holræsagjald** er reiknað af fasteignamati og lóðarmati, 0,19 % fyrir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði.

**Sorphirðugjald** er kr. 16.545- á hverja sorptunnu.

**Sorpeyðingargjald** er kr. 25.740.- á hvert fasteignarnúmer/íbúð.

**Lóðarleiga** er 1,4 % af fasteignamati lóðar.

**Öryrkjum og eldri borgurum** er veittur afsláttur af fasteignasköttum og holræsagjaldi íbúðarhúsnæðis til eigin nota í samræmi við

*Reglur um lækkun og niðurfellingu fasteignaskatts elli- og örorkulífeyrisþega*

**Afsláttur reiknast sem hér segir:**

**Tekjur allt að 3.116.880 á einstakling, hjón allt að 4.347.000.....100 %**

**Tekjur allt að 3.465.720 á einstakling, hjón allt að 4.780.080.....75 %**

**Tekjur allt að 4.030.560 á einstakling, hjón allt að 5.624.640.....50 %**

**Tekjur allt að 4.318.920 á einstakling, hjón allt að 7.101.000.....25 %**

Afslátturinn er reiknaður á grundvelli heildarárstekna heimilisins næsta ár á undan álagningarárinu. Það er að segja, afsláttur af fasteignasköttum ársins í ár miðast við tekjur ársins 2017. Þar af leiðandi er fyrst hægt að sækja um afsláttinn þegar skattframtali hefur verið skilað.

Umsækjendur skulu leggja fram umsókn, ásamt endurriti af skattframtali og örorkumatsvottorð, ef við á.

Hægt er að sækja um á íbúagáttinni á vefnum [www.vogar.is](http://www.vogar.is), eignig má nálgast eyðublöð á vefnum og á bæjarskrifstofu.

**Umsóknarfrestur er til 31. mars 2018.**

**Gjalddagar eru 10, frá og með 25. janúar til og með 25. október, eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga.**

Veittur verður 5% staðgreiðsluafsláttur af fasteignaskatti, séu gjöldin að fullu greidd eigi síðar en 20. febrúar 2018.